

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016,
Grafarholt, Kirkjustétt 1-3 og 5.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að hluti stofnana­svæðis efst á Grafarholti, austan Kirkjustéttar og sunnan Kristnibrautar (Kirkjustétt 1-3 og 5) breytist í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.